

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 9. september 2021 í máli nr. 150/2020

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 15. desember 2020 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér alls 133.414 krónur í kjölfar afbókunar á fyrirhugaðri leigu á bifreið.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 21. desember 2020, 20. janúar 2021 og 2. febrúar 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi þann 5. mars 2021, sem móttækið var f.h. varnaraðila þann 8. mars 2021. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila svo og bókunarstaðfesting vegna leigu á bifreiðinni.

Með bréfi, dags. 26. mars 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili óskaði þann 3. janúar 2020 eftir leigu á bifreið á tímabilinu frá 14. ágúst 2020 til 28. ágúst 2020. Sóknaraðili bókaði leiguna í gegnum bílaleiguna Reykjavík Cars og greiddi 15% staðfestingargjald, að fjárhæð 23.544 krónur, til fyrirtækisins Scandinavian Travel Services ehf., rekstraraðila Reykjavík Cars. Í kjölfarið var haft samband við sóknaraðila af hálfu varnaraðila og tilkynnt að varnaraðili væri sú bílaleiga sem sæi um að leigja sóknaraðila bifreiðina. Var sóknaraðili beðinn um að greiða varnaraðila eftirstöðvar leigugjaldsins sem sóknaraðili gerði, alls að fjárhæð 133.414 krónur. Sóknaraðili tilkynnti varnaraðila þann 24. júlí 2020 að hann gæti ekki nýtt sér umsamda þjónustu og krafðist endurgreiðslu. Sóknaraðili hefur fengið staðfestingargjaldið endurgreitt frá Reykjavík Cars. Varnaraðili tilkynnti sóknaraðila að endurgreiðsla leigugjaldsins bærisk eftir 30 til 60 daga þann 27. júlí 2020. Endurgreiðsla hefur ekki borist frá varnaraðila. Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að endurgreiða leigugjaldið í samræmi við samning málsaðila.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila þann 3. janúar árið 2020. Greiddi sóknaraðili alls 133.434 krónur til varnaraðila við staðfestingu bókkunarinnar. Fyrirhuguð leiga átti að vera frá 14. til 28. ágúst árið 2020. Sóknaraðili afpantaði þjónustuna og krafðist endurgreiðslu þann 24. júlí 2020 þegar um 21 dagur var þar til leigutíminn átti að hefjast. Endurgreiðsla hefur ekki borist frá varnaraðila.

Í tölvupósti frá varnaraðila til sóknaraðila þann 3. janúar árið 2020, áður en sóknaraðili greiddi leigugjaldið til varnaraðila, bárust sóknaraðila leiðbeiningar um það hvernig honum bæri að greiða leigugjaldið til varnaraðila. Þá sagði einnig í tölvupóstinum:

„This amount is fully refundable up to 72 hours before the start of the rental“.

Við bókun bifreiðarinnar voru sóknaraðila samkvæmt framangreindu veittar þær upplýsingar af hálfu varnaraðila að leigugjaldið yrði að fullu endurgreitt ef hætt yrði við leiguna þegar 72 klukkustundir eða lengra væri þar til leigutímabil á að hefjast. Framangreint ákvæði um endurgreiðslu vegna afbókunar er skýrt án nokkurs fyrirvara um endurgreiðslur þegar skilyrðið um tímamörk afbókunar eru uppfyllt. Þegar sóknaraðili afpantaði leigu bifreiðarinnar þann 24. júlí árið 2020 voru um 21 dagur þar til leigutími sóknaraðila átti að hefjast.

Er því fallist á kröfu sóknaraðila. Varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila alls 133.414 krónur.

V Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila, X, 133.414 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson